



26. apríl 2022  
Tilv.: 2204060

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (innleiðing o.fl.), 532. mál.

Með tölvupósti dags. 8. apríl s.l. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (innleiðing o.fl.), 532. mál. Seðlabanki Íslands styður framgang frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við það, en telur ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi tillögu að breytingu á 5. mgr. 61. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga:

*Eftirlit Seðlabanka Ísland með útibúum erlendra aðila á Íslandi.*

Í 11. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/EB um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID II) er fjallað um skyldu lögbærs yfirvalds EES-ríkis þar sem útibú er staðsett til að framfylgja skyldunni sem mælt er fyrir um í 6. og 7. mgr. 16. gr. MiFID II. Ekki er að sjá að slík heimild fyrir Seðlabankann hafi verið innleidd í 23. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, sem er ætlað að innleiða 16. gr. MiFID II, eða 61. gr. laganna sem fjallar um þjónustu og starfsemi verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í öðru EES-ríki, eða í einhverju öðru ákvæði laganna. Seðlabankinn leggur til að heimild Seðlabankans til eftirlits með útibúum erlendra aðila verði bætt við með því að bæta tilvísun til 23. gr. laganna við upptalninguna í 5. mgr. 61. gr. þannig að hún hljóði svo:

*„Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með að útibú verðbréfafyrirtækja hér á landi sem veita þjónustu eða stunda starfsemi sem fellur undir lög þessi fari að ákvæðum 23., 33.–41. gr., 44.–46. gr. og 48. og 49. gr. laganna og 14.–26. gr. MiFIR.“*

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Jóníusdóttir  
framkvæmdastjóri

Páll Friðriksson  
framkvæmdastjóri